

41

		Fluttar	kr. 1809,24
	3. Sjóður við árslok:		
	a. Ríkisskuldabréf	kr. 33600,00	
	b. Í sparisjóði Reykjavíkur	— 150,82	
	c. Í peningum hjá reikningshaldara	— 34,76	
		— 33785,58	
		Kr. 35594,82	

Reykjavík, 12. maí 1885.
Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Bergur Thorberg.

42
17. apríl.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um leigusölu á lyfjabúð. — Í tilefni af erindi því frá lyfsala P. Hansen á Akureyri, er þjer senduð hingað, herra landshöfðingi, með þóknanlegu brjefi yðar 16. f. m., og þarsem nefndur lyfsali sækir um leyfi til að mega selja cand. pharm. O. C. Thorarensen á leigu lyfjabúð þá er hann hefur á Akureyri, er eigi látið hjá líða þjónustusamlega að tilkynna yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir beiðandanum, að ráðgjafinn hefur ekkert á móti því, að honum verði leyft að leigja meðan hann lifir nefnda lyfjabúð manni sem uppfyllir hin lögskipuðu skilyrði fyrir að geta verið lyfsali á Íslandi.

43
18. maí.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um endurgjald á veittum sveitarstyrk. — Með úrskurði yðar, herra amtmaður, dags. 15. marz f. á., hefur krafa Gardahrepps í Gullbringusýslu á hendur Glæsibæjarhreppi í Eyjafjarðarsýslu, um endurgjald fyrir meðlagsstyrk með óskilgetnu barni Ragnhildar nokkurrar Björnsdóttur, Sigþróuð Þórðardóttur, til fardaga 1883, verið færð niður í 281 kr. úr 362 kr. 50 a., en þessum úrskurði yðar hefur fyrst Gardahreppur og síðan einnig Glæsibæjarhreppur óskað áfrýjað til landshöfðingja.

Um þetta málefni skal jeg þjónustusamlega tilkynna yður það er nú skal sagt:

Þareð Glæsibæjarhreppur er framfærsluhreppur ofanefndrar Ragnhildar Björnsdóttur, verður hann, einsog þjer einnig hafið álitid, að endurgjalda Gardahreppi meðlagid með hinu umrædda barni hennar frá 24. septbr. 1877, þá er fyrst var gjörð gangskör að því að tilkynna framfærsluhreppnum hinn veitta sveitarstyrk, og var meðlag þetta í fardögum 1883 orðið samtals 341 kr., en þarómóti verður Glæsibæjarhreppur, eins og þjer einnig hafið álitid, eigi skyldaður til að endurgjalda styrk þann, sem talið er að veittur hafi verið Ragnhildi barnsins vegna fyrir nefndan dag, 24. sept. 1877, 21 kr. 50 a., bæði sökum þess, að það eigi getur álitizt sannað, að styrkur þessi, eða mestur hluti hans, hafi verið lagður móðurinni með barni hennar, og svo einnig af þeirri ástæðu, að þótt þetta væri álitid, varð sá dráttur af hálfu Gardahrepps á því að segja framfærsluhreppnum til þessa styrks, að nefndur hreppur verður að álitast að hafa þarmed fyrirgjört rjetti sínum til endurgjalds. En þarsem þjer hafið álitid, að frá endurgjaldskröfu Gardahrepps beri enn fremur að draga 60 kr., af því að hreppsnefndin þar hafi forsóm- að að kalla til þessarar upphæðar handa Ragnhildi Björnsdóttur úr protabúi húsbónða

hennar og barnsföður, sem andaðist í júlí 1877, fyrir kaup og matarverð handa henni það sem eptir var vistarársins 1877—78, samkvæmt því sem ákveðið er í 13. og 30. gr. 18. mafs. í tilskipun um vinnuhjú 26. jan. 1866, þá get jeg ekki álitid þessa niðurfærslu á nægum rökum byggða, þarsem það er upplýst, að Ragnhildur þegar komst í aðra jafngóða vist, er búi þessa húsbónda hennar var brugðið við fráfall hans, og hvað kaupid snertir, þá var stöðu hennar hjá barnsföður hennar þannig varið, að það er að minnsta kosti mjög óvist, hvort krafa af hennar hendi um kaup fyrir árið 1877—78 hefði orðið tekin til greina í protabúi húsbónda hennar.

Samkvæmt þessu er hinum áfrýjanda úrskurði yðar, herra amtmaður, frá 15. marz f. á., sem að öðru leyti skal standa óraskaður, þannig breytt, að Glæsibæjarhreppi ber að endurgjalda Garðahreppi 341 kr. sem meðlag með ofanefndu barni, Sigprúði Þórðardóttur, frá 24. sept. 1877 til fardaga 1883, og skal jeg þjónustusamlega skora á yður að leggja fyrir hreppsnefndina í Glæsibæjarhreppi að greiða Garðahreppi þessa upphæð án frekari dráttar.

STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI

samkvæmt fjárlögnum fyrir 1884 og 1885.

10. gr. C. 4.

Samþykkt tillaga sýslunefndarinnar á Vestmannaeyjum um að verja hluta sýslunnar fyrir 1884 af fjenu til eflingar búnaði, 60 kr., til að kenna almenningi þar á eyjunum sárheysverkun (breyting á eldri ákvörðun sýslunefndarinnar, sbr. Stj.tíð. 1884, bls. 136).

Samþykkt tillaga sýslunefndarinnar í Ísafjarðarsýslu um að verja hluta þessarar sýslu fyrir 1885, 550 kr., til að launa með ferðabúfræðingi og til verðlauna fyrir framúrskarandi jarðabætur handa 7 nafngreindum bændum.

10. gr. C. 5 a.

Veittar 3400 kr. til vegagjörða á Vadlaheiði og Vestdalsheiði.

10. gr. C. 5 b.

Ákveðnar 3300 kr. til að styrkja sýsluvegasjóði í norður- og austuramtinu til að bæta sýsluvegi á aðalþótleiðum, og amtsráðinu falið að gjöra tillögu um skiptingu á upphæðinni milli sýslanna.

13. gr. B. V. b.

Eptirfylgjandi barnaskólum veittur styrkur úr landsjóði :

Barnaskólanum í Ölveshreppi	200 kr.	Barnaskólanum á Leirá	200 kr.
— - - - - Gaulverjabæjarhreppi	200 —	— - - - - í Vatnsleysustrandarhreppi	200 —
— - - - - á Seltjarnarnesi	200 —	Barnaskólunum - Stokkseyrarhreppi	200 —
— - - - - - Skipaskaga	200 —	Barnaskólanum - Hnifsdal	100 —
— - - - - - Gerðum í Rosmhvalaneshr.	200 —	— - - - - á Reynivöllum	100 —

13. gr. B. V. c.

Alþýðuskólanum á Akureyri veittur 600 kr. styrkur fyrir 1885.

16. gr. 6.

Kennara við Møðruvallaskólann, þorvaldi Thoroddsen veittar af ráðgjafanum 300 kr. til að kaupa fyrir stækkunarkíki (mikroskop) með því sem honum fylgir, til afnota við jarðfræðislegar rannsóknir á Íslandi, með því skilyrði, að kikirinn verði eign landsjóðs og afhendist landshöfðingja eptir afnotin.

Sama veittur af ráðgjafanum 500 króna styrkur til að ferðast til Ítalíu og Svísslunds til að skoða eldfjöll og jökla.

Fröken G. H. E. Waage veittur af ráðgjafanum 100 kr. styrkur til að læra að syngja og leika á fortepiano.